# Fimmtudagur 6. júlí



SJÓNVARPIÐ

17.50 **Unglingarnir í hverfinu** (Degrassi Junior High). Ný þáttaröð kanadíska myndaflokksins um unglingana í hverfinu. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.20 **Þytur í laufi** (Wind in the Willows). Breskur brúðumyndaflokkur. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir. Sögumaður Árni Pétur Guðjónsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Gönguleiðir.** Ný þáttaröð um þekktar og óþekktar gönguleiðir. – Hafnir – Staðarhverfi – Reykjanes. Leiðsögumaður Jón Böðvarsson. Umsjón Jón Gunnar Grjetarsson. Stjórn upptöku Björn Emilsson.
20.55 **Matlock.**
21.40 **Íþróttir.** Stiklað á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.10 **Líf í litum.** (Kulør på tilværelsen). Í myndinni er sýnt hvernig unnið er með liti og hljóð á nýstárlegan hátt og reynt að leita nýrra leiða í myndsköpun. Þýðandi Bogi Arnar Finnbogason. (Nordvision – danska sjónvarpið).
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
19.00 **Myndrokk.** Tónlist.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Count Duckula. Grænmetisætan og félagar eru að sjálfsögðu með íslensku tali.
20.30 **Stöðin á staðnum.** aStöð 2 er á hringferð um landið og áfangastaðurinn í kvöld er Selfoss.
20.45 **Það kemur í ljós.** Þeir spilafélagarnir fá góða gesti og taka óskalögin ykkar eins og þeim einum er lagið. Ef ykkur langar til þess að heyra eitthvert lag eða hafið einhverjar aðrar óskir sem þeir félagarnir gætu uppfyllt í þættinum þá endilega sendið þeim línu. Munið bara að merkja umslagið „Það kemur í ljós" og heimilisfangið er Stöð 2, Krókháls 6, 110 Reykjavík. Umsjón: Helgi Pétursson.
21.20 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
21.50 **Sameinuð stöndum við.** Christmas Eve.
23.25 **Jazz í Soho.** Ten Days That Shook Soho. Októbermánuð nokkurn bergmálaði Soho hverfi í tíu daga af hinum fyrstu svo nefndu Soho jasstónleikum. Þarna voru samankomnir bestu jassgeggjarar Bretlands en uppgangur jassins þar var mikill. Í þættinum koma meðal annarra fram Marc Almond, Tommy Chase, The Jazz Defektors, Georgie Fame og Marie Murphy.
00.30 **Trúmennska.** Loyalties.
2.05 **Dagskrárlok.**

Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** með Edward Frederiksen.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Litli barnatíminn:** Fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur les (2.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Einar Kristjánsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Jógvan Zachariassen leikur á fagott. Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn – Tölvuleikir.** Umsjón: Álfhildur Hallgrímsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (15.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri.) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** Draugaskip leggur að landi eftir Bernhard Borge. Framhaldsleikrit í fimm þáttum. Fimmti og síðasti þáttur: Afturgöngurnar.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin, dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Debussy og Fauré.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Ólafs Oddssonar.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
20.00 **Litli barnatíminn:** Fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir Iðunni Steinsdóttur. Höfundur les (2.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** Frá aukatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 24. nóv. sl.

Rás I
FM 92,4/93,5

22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Ef ... hvað þá?.** Bókmenntaþáttur í umsjón Sigríðar Albertsdóttur.
23.10 **Gestaspjall.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Jógvan Zachariassen leikur á fagott. Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

**NÆTURÚTVARP**
01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Paul McCartney og tónlist hans.** Skúli Helgason fjallar um tónlistarferil Paul McCartney í tali og tónum. Þættirnir eru byggðir á nýjum viðtölum við McCartney frá breska útvarpinu BBC. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
03.00 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10)
03.20 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06:00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...**

FM 98.9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**

RÓT ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Poppmessa í G–dúr. E.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Við og umhverfið.** E.
14.30 **Elds er þörf.** E.
15.30 **Upp og ofan. E.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Neðanjarðargöngin 7–9–13.** Óháður vinsældalisti.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
21.00 **Biblíulestur.** Frá Krossinum. Gunnar Þorsteinsson.
21.45 **Miracle.**
22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðjónsson.**

SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **The Littles.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets of San Francisco.** Sakamálaþáttur.
20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Police Story.** Sakamálaþáttur.

SKY MOVIES

15.00 **Wizards.**
17.00 **Call of the Wild.**
19.00 **Better Off Dead.**
21.10 **Final Chapter - Walking Tall.**
22.35 **Losin' It.**
00.30 **Race With the Devil.**

EUROSPORT

9.30 **Trans World Sport.** Fréttir og úrslit.
10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.00 **Dýfingar.** fHeimsmeistarakeppnin.
11.30 **Golf.** US Seniors keppnin.
12.30 **Knattspyrna.** Undanrásir heimsmeistarakeppninnar.
13.30 **Frjálsar íþróttir.** Mót í Berlín.
14.30 **Hjólreiðar.** Síðustu fréttir af Tour de France.
15.30 **Eurosport Menu.**
17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappakstur-keppnum.
17.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Indy cart.** Keppni í kappakstri í Kaliforníu..
20.00 **Eurosport - What a Week.** Farið yfir atburði liðinnar viku.
21.00 **Ástralski fótboltinn.**
22.30 **Hjólreiðar.** Fréttir af Tour de France.

SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Treasure Island.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Mark of the Hawk.** Kvikmynd.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Leonard Bernstein er meðal höfunda verka sem leikin verða á tónlistarkvöldi Útvarpsins í kvöld.**

### Rás kl. 20.15:

## Tónlistarkvöld Útvarpsins

Efni tónlistarkvöldsins að þessu sinni er upptaka frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói þann 24. nóvember síðastliðinn.

Undir stjórn Bandaríkjamannsins Murry Sidlins flytur hljómsveitin valda kafla úr söngleikjunum „Birtingi" og „West Side Story" eftir Leonard Bernstein, „Cats" eftir Andrew Lloyd Webber og óperunni „Porgy og Bess" eftir George Gershwin.

Allt eru þetta þekktir höfundar, ekki síður en verk þeirra; Bernstein sem stjórnandi, píanóleikari og tónskáld, Lloyd Webber sem höfundur söngleikja á borð við „Jesus Krist súperstjörnu" og „Evitu", og Gershwin fyrir fjölda laga og söngleikja. Stærstu og þekktustu verk Gershwins eru án efa „Porgy og Bess" og „Rhapsody in Blue", að ógleymdum „Ameríkumanninum í París".

Einsöngvarar á þessum tónleikum Sinfóníunnar, Priscilla Baskerville sópran og Michael Lofton barítón eiga það sammerkt að þau hófu feril sinn í óperunni „Porgy og Bess" á fjölum Metropolitan óperunnar í New York.

### Stöð 2 kl. 21.50:

## Sameinuð stöndum við

Þessi mynd fjallar um gjafmilda konu og hvernig nirfillinn sonur hennar reynir að skemma fyrir.

Amanda er auðkýfingur sem á eitt af stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna. Hún situr þó ekki á auði sínum eins og ormur á gulli, heldur deilir hún peningunum með fátæklingum sem fá hjá henni húsaskjól og mat. Þjónn Amöndu hvetur hana til dáða.

Sonur konunnar og framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefur hins vegar óbeit á gjafmildi móður sinnar. Með kaldlyndi sínu og skapofsa hrekur hann börn sín að heiman. Amanda er staðráðin í að halda fjölskyldunni saman og leggur af stað í leit að börnunum.



**Trevor Howard leikur eitt aðalhlutverkanna í Sameinuð stöndum við.**

Aðalhlutverk myndarinnar er leikið af Lorettu Young sem ekki hafði komið fram á hvíta tjaldinu í meira en tuttugu ár. Önnur hlutverk eru leikin af Trevor Howard, Arthur Hill og Ron Leibman. Maltin segir myndina fyrir ofan meðallag. Hún mun einnig örva tárakirtlana og því best að vera við öllu búinn.

-gb

### Sjónvarpið kl. 22.10:

## Lífið í litum

Litir í tilverunni? Eru þeir ekki bara alveg sjálfsagður hlutur? Eru þeir ekki tákn alls sem er fallegt og áhyggjulaust í lífinu? Þessum spurningum er velt upp í dönskum þætti í Sjónvarpinu í kvöld.

En við skyldum ganga hægt um gleðinnar dyr. Á sömu stund og við njótum tónlistarinnar og litmyndanna og lærum um hvernig litir verða til og hvernig þeir eru notaðir, skyggnumst við á bak við framhlið þáttarins. Allt hljóð hverfur, litirnir á skjánum brenglast og verða hræðilegir. Í einu vetfangi breytast hljóð og mynd í bitra ásökun á misnotkun okkar á jörðinni, ásökun sem er lesin af barni sem nýbúið er að læra stafina.

Þáttur þessi kemur frá danska sjónvarpinu og er tilraun til að vinna á óhefðbundinn hátt með skjá og hátalara, tilraun til að finna ný tjáningarform. Bara verst að þeir sem ekki eiga litsjónvarp geta ekki notið þáttarins til hlítar.